

BYGGINGARLÝSING  
 HLÍÐARHÓLSBRAUT 18  
 5000 m<sup>2</sup> lóð  
 150,5m<sup>2</sup>Nýbygging.  
**BYGGINGARLÝSING FYRIR:**  
 Gótuheiti og númer: Hlíðarhólsbraut 18  
 Landnúmer: L229605  
 Staðgreinir: 8719-1-96280180  
 Matshluti: 01  
 Brúttó heildar stærð: 150,5m<sup>2</sup> & 645,25m<sup>3</sup>  
 Stærð skipulagssvæðis 5000m<sup>2</sup> lóð  
 Nýtingarhlutfall er 0,03 skv. deiliskipulagi er hámarks nýtingarhlutfall 0,03

**Almenn lýsing:**  
 Um er að ræða sumarhús sem er timburbygging.  
 Leitast er við að láta húsið aðlagast umhverfinu.  
 Sumarhúsið mun uppfylla þær kröfur sem reglugerð segir til og vera hannað skv. deiliskipulagi

**Aðkoma, lóðarlýsing og gróður:**  
 Aðkoma að lóð er frá austri frá innkeyrslu frá vegi.  
 Gangstigir liggja frá bílastæðum að húsinu. Leytast er við að raska lóð sem minnst.  
 Lóðin fær að halda sér að mestu leyti óáreitt að öðru leyti en upp við húsið.  
 Tré verða gróðursett meðfram húsi til að mynda skjól gegn ríkjandi vindátt  
 Sólfallur verður við suðurhlíð hússins og útáttangt á hann frá stofu. Pallur er einnig við aðkomuhlíð.  
 Þrjú bílastæði eru við húsið.

**Burðarvirki og einangrun**  
**Undirstöður:**  
 Eru steyptr 200mm sökklar . 100mm Steinullareinangrun sem ætluð er utan á sökkla og undir botnplötu á fyllingu. Rakavarin, stíf einangrun sem nota má niður á allt að 4 m jarðvegsdýpt

**Gólfplata:**  
 Er staðsteyptr með 70mm ásteypulagi, 120mm steypa og 100mm steinullareinangrun sem ætluð er utan á sökkla og undir botnplötu á fyllingu. Rakavarin, stíf einangrun sem nota má niður á allt að 4 m jarðvegsdýpt og undir steyptra botnplötu . Gólhiti er í plötu

Frekari skýringar má sjá á teikningu burðarþols.  
 Sólfallur er byggður kringum húsið.

**Útveggir:**  
 Eru uppbyggðir sem timburveggir. Timburstöðir 145\*45 c/c 600 með 145mm rakavarinni steinullareinangrun, viðurkennd gegn bruna og hjóðeinangrun. 15mm krossviður,pappi, loftunargrind og klætt málmklæðningu að hluta og bandsaðri viðarklæðningu, hvort tveggja verður dókkliðað. Að innan er þolplast, lagnagrind og tvöföld 12mm spónaplata.  
 Miða skal við leiðbeiningar 153.BR1 gefnar út af mannvirkjastofnun.  
 Klæðning nær niður að palli en tekið er mið af því að loftun nái inn, einnig á bakhlíð hússins.  
**Innveggir** Byggðir upp með álgrind og 70mm steinullareinangrun, nema vatnsvarin gifplötuklæðning við blautrymin. klæðning í flokki 1

**Þak:**  
 Þak er uppbyggt af 245 x 45 mm sperrum c/c 600, einangrað er á milli sperra með 220 mm steinull m/ áföstum vindpappa. Steinullareinangrun með áföstum vindpappa sem ætluð er í þök og útveggi. Rakavarin einangrun, viðurkennd gegn bruna og hjóði.

Fyrir ofan vindpappa er 25mm loftbil. Ofan á sperrur kemur 25 x 150 mm borðaklæðning, þakklæðning er áklæðning eða grasþak með pappaundirlagi. Neðan á sperrur kemur rakavarnarlag,13mm gifs sem er með eldvarnarkítu í kverkum, 50mm rafmagnsgrind og klæðningu. Þak nær út fyrir veggja að hluta og myndar skyggni. Þar undir er það klætt viðarklæðningu með innfeldri lýsingu. Fara skal eftir byggingareglugerð 10.5.4. gr. Regnvörn þaka og lágmarkshalli. skv. lió C. skal þak að lágmarki 4° hafa Læstar málmklæðningar og tvöfaldan fals. Þakhalli þaks er 39,3 við svefnherbergi° & 29,9°við stofuryrmi. Flatt þak yfir miðjuryrmi er uppbyggt af 245 x 45 mm sperrum c/c 600, einangrað er á milli sperra með 220 mm steinull m/ áföstum vindpappa. Steinullareinangrun með áföstum vindpappa sem ætluð er í þök og útveggi. Rakavarin einangrun, viðurkennd gegn bruna og hjóði.

Fyrir ofan vindpappa er 25mm loftbil. Ofan á sperrur kemur 25 x 150 mm borðaklæðning og soðinn dúkur. Þar fyrir ofan er sérhannaður takkúkur fyrir grasþök. Þökur eru lagðar á víxl. Neðan á sperrur kemur rakavarnarlag,13mm gifs sem er með eldvarnarkítu í kverkum, 50mm rafmagnsgrind og klæðningu. skv. reglugerð 10.5.4 skal þak vera að lágmarki með halla 1:40 Tryggja skal fullnægandi vatnspéttleika þaka og að ekki verði uppsöfnun vatns. Efnisval aðalregnavarna skal henta þakhalla þannig að tryggður sé fullnægjandi þéttleiki að teknu tilliti til aðstæðna.  
 Loft er niðurtekið yfir svefnrymum og votrymum.

**Litaval utanhúss:** Viðarklætt með Bandsöguðu lerki og málmklæðningu í koxgráum lit  
**Gerð útihúða og glugga:** Hurðir og gluggar eru áltré í koxgráum lit. Tvöfalt gler. Glergerðir skulu vera skv. byggingareglugerð 112/2012 gr. 8.5.2. Öryggisgler í gluggum sem ná niður í gólf skv. Gr. 8.5.2 í BR..

**Upphitun**  
 Upphitad er með gólfhita ásamt veggofni í votrym og reiknað út af verkfræðing. Ofnar skulu framleiddir skv. IST EN 442  
**Inntök og lýsing lagnaleiða:** Inntök eru í þvottahúsi. sjá lagnateikningar verkfræðings  
 Framleiðandi sér til að allt lagnaefni uppfylli 120.1 mg. byggingreglugerða.

**Skóplagnir:** Rör skulu vera hjóðdeyfandi þaþrör. Útloftunarpípur mega vera úr polyproylen. Allt efni og allur frágangur skal uppfylla IST 68.

**Vatnslagnir.**  
 Allar lagnir liggja í gólfi eða lagnaveggjum. Við öll hreinlætistæki skulu vera stoppkranar. Blöndunartæki í sturtu skulu vera hitastýrð til að tryggja að hitastig fari ekki yfir 55°. Öll hreinlætistæki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til hreinlætistækja í flokki 1. Efni og frágangur í samræmi við IST 67.

Pípur og pípuefni skal einangra með 15mm steinullarhólkum með áföstum trefjastyrktum áldúk eða sambærilegu. Ekki má nota plastvafning, plastbönd eða annað brennanlegt efni. Valdur ofnar skulu framleiddir skv. IST EN 442.  
 Varmaskiptir er á heitu neysluvatni við inntak. Hringrásar lögn og dæla er á heitu neysluvatni til að tryggja að hitastig í lögn sé á bilinu 60°C til 65°C.

Lagnir í gólfi skulu vera úr krossbundnu HD Polytehylen (PEX) skv. DIN 16892/3 með súrefnisvörn eða sambærilegt. Hlíðarrör skulu vera úr Polyethylen.

Lagnir upp að húsi og tæki skulu vera úr krossbundnu Poyetyhlen samkvæmt DIN 16892/3 eða sambærilegt.

**Loftræsing.** Loftræst er frá öllum gluggalausum rýmum (LR) eins og reglugerð kveður á um. Vélræn loftræsing er frá eldhúsi og baðherbergi.

Loftræsirör skulu almennt tekin upp úr þaki ef á við.

**Fráveituvatn** byggingar skal veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum, sem Hollustuvernd ríkisins gefur út. Rotþró er skv. skipulagi að vera sameiginleg rotþró fyrir svæðið

**Brunavarnir:** Reykskynjarar eru settir upp skv. viðmiðum í herbergjum og geymslum og handsókkvætaki (hst) er staðsett við útgöngudyr, undir ljósrofum þar sem því er komið við. Eldvarnateppi eru einnig í eldhúsi.  
 Eldstæði er innbyggð kamina og verður frágengið skv. leiðbeiningum 192 BR1. og skv. skv. byggingareglugerð 112/2012 gr. 9.6.5 og 9.6.6.

Þjörgunarpopp uppfylla reglugerðir.

**Kómunartölur:** Heildarleiðitap byggingar verður innan marka byggingareglugerðar. Hámarks U-gildi

byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í


byggingareglugerð, Sjá betur útreikning í rafrænni skrá sem viðhengi

Einangrun sumarhúss


Heildar varmatap á fermetra húss 1,62W/m<sup>2</sup>°C




ÁSYND AUSTUR  
1 : 100



ÁSYND SUÐUR  
1 : 100



ÁSYND VESTUR  
1 : 100



ÁSYND NORDUR  
1 : 100



Upprunalegur hönnuður:

20220055

Útg. | Skýring / Breyting | Dags. | Teiknað | Yfirleita

**HLÍÐARHÓLSBRAUT 18- sumarhús**  
 VERKKAUPI / EIGANDI  
**2133**  
 TEGUND VERKS

**AÐALUPPDRÁTTUR** LANDNÚMÉR: L229605  
 STADGR.: 8719-1-96280180  
 ÁSYNDIR MHL: 01  
 MKV.:  
 BLADSTÆRD: A2  
 ÚTGÁFA DAGS: 02.09.2021  
 TEIKNAD: SBJ

**2020** **302**  
 VERKNR. RADNR. ÚTGÁFA

**SVAVAJÓNS**  
 ARKITEKTUR & RÁÐGJÓF  
 Svava Björk Jónsdóttir  
 kt: 2812782239

Laugavegur 178 | Reykjavík | S: 8999958 | svavabjork@svavajonsark.com